



Fundur í skólaráði Borgaskóla föstudaginn 27. febrúar 2026 kl. 08:30

Mætt á fundinn voru Stefanía fulltrúi nemenda, Hjörleifur og Kristjana fulltrúar foreldra, Guðfinna og Svanur fulltrúar kennara, Elfar fulltrúi starfsfólks, Harpa Lind tók sæti sem fulltrúi grenndarsamfélags í stað Ásgerðar og Ester Helga skólastjóri. Unnur Jónsdóttir tók sæti á fundinum.

Efni fundar:

1. Hverfið okkar í nærmynd

2. Staðfesting skóladagatal 2026-2027

3. Stofnun ársins – niðurstöður

1. Unnur tók sæti á fundinum og sagði frá stöðunni á þróunarverkefninu Hverfið okkar í nærmynd. Um er að ræða samstarfsverkefni Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla þar sem lögð er áhersla á að nemendur kynni sér Grafarvog frá mörgum hliðum og framleiði kynningarefni með kvikmyndaupptökum og hlaðvarpi. Sett verður upp heimasíða með verkum nemenda og kynning verður á verkefninu í Menntabúðum Mixtúru í lok mars, ásamt kynningu á Barnamenningarhátíð. Fulltrúi nemenda sagði frá viðtölum við viðmælendur sem er fjölbreyttur hópur Grafarvogsbúa. Viðmælendalisti var gerður af nemendum sem einnig sáu um að semja spurningar og undirbúa viðtölin. Styrkur sem fékkst var nýttur til tækjakaupa fyrir skólana þrjá. Vefsíða verkefnisins verður hverfidokkar.is. Unnur vék af fundi.

2. Lagt var fram skóladagatal 2026-2027 til samþykktar. Kennarafundur samþykkti tillögur skólaráðs um tvo starfsdaga, þann 30. nóvember og 4. janúar, á fundi þann 13. febrúar sl. Skólastjóri kynnti tillögur kennarafundar um að hafa nemenda-og foreldraviðtalsdag 4. febrúar í stað 8. febrúar, líkt og skólaráð hafði lagt til. Tillaga kennarafundar var samþykkt einróma. Lögð var fram tillaga kennarafundar um skertan dag 16. apríl í stað 15. apríl, líkt og skólaráð hafði lagt til. Var sú tillaga samþykkt einróma. Skóladagatal Borgaskóla fyrir skólaárið 2026-2027 er hér með samþykkt af skólaráði.

3. Skólastjóri kynnti niðurstöður úr Stofnun ársins 2025. Tilefni er til að gleðjast yfir því að annað árið í röð eru niðurstöður fyrir Borgaskóla mjög jákvæðar, þ.e. Borgaskóli skorar hæst allra grunnskóla í Reykjavík og var í 9. sæti í sínum flokki. 33 starfsmenn svöruðu könnuninni, svarhlutfall í heild var 64% yfir borgina – svarhlutfall Borgaskóla var 79%.

Niðurstöður Borgaskóla eru jákvæðar fyrir vinnustaðinn í heild sinni og staðfestir það góða starf sem fram fer í skólanum og þá góðu menningu sem starfsfólkið skapar saman. Niðurstöður eru kynntar á kvarðanum 1-5, þar sem 5 er hæst. Niðurstöður eru kynntar í nokkrum flokkum; Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, ímynd, sjálfstæði í starfi, ánægja og stolt og jafnrétti. Hæstu þrír flokkar Borgaskóla eru jafnrétti (4,77), starfsandi (4,76) og stjórnun (4,74). Heildarmat Borgaskóla var 4,47. Tækifæri til umbóta er að lagfæra hljóðvist í þeim rýmum sem ekki hefur verið skipt um loftaplötur í, en t.d. má nefna að hljóðmælingar Eflu verkfræðistofu í íþróttasal gefa til kynna að mikilla úrbóta er þörf þar. Samtal við Reykjavíkurborg um úrbætur hefur átt sér stað.

Fulltrúar foreldra minntu á páskabingó sem er á döfinni í næstu viku á sal skólans. Umræða mun fara fram í foreldrafélaginu um hentuga dagsetningu fyrir vorhátíð á komandi skólaári.

Fundi slitið kl. 09:10.

Fundinn ritaði Ester Helga. Fundargerð yfirfarin og samþykkt af fundarmönnum.